

**Ed.**

**299. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915.

Flutningsmenn: Jónas Jónsson og Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Upphaf annars málsliðs 16. gr. orðast þannig:

Fjárveitinganefnd neðri deildar skal skipuð í lok hvers þings fyrir það þing, er halda skal næst þar á eftir.

Nú fara fram almennar kosningar til Alþingis, og skal þá skipað í fjárveitinganefnd neðri deildar með hlutbundnum, skriflegum eða símuðum kosningum allra þingmanna, sbr. 17. og 48. gr.

Skulu listar afhentir stjórnarráðinu í síðasta lagi 10 dögum eftir að úrslit kosninga eru kunn, þ. e. talningu lokið í því kjördæmi, þar sem síðast er talið.

Stjórnarráðið tilkynnir þingmönnum tafarlaust eftir að liðinn er frestur

sá, sem nefndur er hjer að framan, hve margir listar hafa komið fram og með hvaða nöfnum.

Skulu þingmenn síma eða skrifa stjórnarráðinu þegar í stað, hvaða lista þeir kjósa.

Stjórnarráðið telur því næst atkvæðin og tilkynnir úrslit, kosninganna þeim þingmönnum, sem kosningu hafa hlotið í nefndina. Skal nefndin síðan koma saman 6 vikum fyrir samkomutíma Alþingis og hafa tilbúið og fullprentað nefndarálit við fjárlagafrumvarp stjórnarinnar fyrir það fjárhagstimabil, er í hönd fer, áður en þing er sett.

Að öðru leyti skal skipa þessar fastanefndir, og skal það gert á öðrum þingfundi hvorrar deildar.

## 2. gr.

34. gr. orðast þannig:

Þingmaður, sem hefir óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal stiga í sjerstakan þar til gerðan ræðustól, við hliðina á forsetastóli hvorrar deildar.

Skal hann ávalt víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins; eigi má hann annars ávarpa neinn einstakan þingmann, og kenna skal þingmann við kjör-dæmi sitt eða kosningu.

## 3. gr.

Aftan við 35. gr. bætist:

Framsögumaður meiri og minni hluta nefndar og flutningsmaður máls mega tala lengst eina klukkustund í senn við frumræðu hvers máls, og framsögumenn fjárveitinganefnda tvær klukkustundir.

Aðrar ræður mega eigi standa lengur yfir en hálfa klukkustund og stuttar athugasemdir eigi lengur en fimm mínútur.

## Á s t æ ð u r .

Hin síðari ár hafa störf fjárveitinganefnda, einkum neðri deildar, tekið mjög langan tíma og alment verið talið, að þetta lengdi þingsetuna stórkostlega.

Á því þingi, sem nú stendur yfir, verður að vísu eigi annað sagt en fjárveitinganefnd Nd. hafi verið óvenju hraðvirk.

Ef tiltækilegt þætti, að fjárveitinganefnd Nd. væri skipuð eins og frv. fer fram á, og störfum hennar hagað samkvæmt því, má gera ráð fyrir, að þingið gæti lokið störfum sínum á miklu skemri tíma en nú á sjer stað, og myndi á þann hátt sparast ríkissjóði fje eigi alllitið.

Þá virðist einnig tiltækilegt, að takmarka megi þann tíma, sem þingmenn nota til ræðuhalda, þó því beri ekki að neita, að hæfilegar umræður um málín sjeu nauðsynlegar. Hins vegar eru langar umræður, stundum um þýðingarlitil efni, landinu of dýrar, og rjett að lögð sje áhersla á það á þessum sparnaðar-tímm, að vel sje varið vinnutíma þingsins.

Það er venja í þjóðþingum nágrannalandanna, að þingmenn stígi í ræðustól þar til gerðan, er þeir taka til máls. Þykir það bæði virðulegra og svo er hitt, að þá myndu sennilega færri ræður verða fluttar og þingmenn sjaldnar standa upp »til að gera grein fyrir atkvæði sínu«.

Nánar í framsögu.